



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 13. september 2024

MSS23090177

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styttingu vinnuvikunnar

Á fundi borgarráðs 28. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styttingu vinnuvikunnar:

Árið 2021 var ákveðið að fara í styttingu vinnuvikunnar. 1. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig aðgerðin stytting vinnuvikunnar gekk hjá Reykjavíkurborg og hvort útfærslu sé ólokið á einhverri stofnun? 2. Aðgerðinni var fagnað en óttast var að með breytingunni þegar um er að ræða vaktavinnu, myndi að óbreyttu verða til stórt mönnunargat. Aðgerðin var flókin enda þurfti ekki aðeins að breyta vaktaplaninu heldur einnig forritum sem halda utan um launamál. Vinnutímastyttingin sjálf var einfaldari. Hvernig hefur gengið að stoppa í það gat nú þegar um tvö ár eru liðin frá aðgerðinni? 3. Skilaboð með aðgerðinni, stytting vinnuviku hjá dagvinnufólki, var að hún mætti ekki kosta. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað aðgerðin kostaði þegar upp var staðið, hjá dagvinnufólki annars vegar og hjá vaktavinnufólki hins vegar?

Fyrirspurninni var vísað til mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Svar við fyrirspurn:

Í flestum kjarasamningum sem undirritaðir voru árið 2020 var kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi á vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir. Haustið 2022 var einnig samið um Betri vinnutíma í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við félag kennara og stjórnenda innan Kennarasambandsins og Félag hljómlistarmanna og var þar með búið að semja um Betri vinnutíma fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Vinnuvika hér á landi hefur verið 40 klst. á viku frá árinu 1971, bæði fyrir dagvinnufólk og vaktavinnufólk. Meginmarkmið breytinganna með innleiðingu á Betri vinnutíma var að stuðla að umbótum í starfsemi starfsstaða Reykjavíkurborgar og nýtingu á vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu, tryggja enn betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum og samræmingu vinnu og einkalífs. Forsendur breytinganna voru að starfsemi myndi ekki raskast, þjónustan yrði af sömu eða betri gæðum en áður og að breyting á vinnutíma í dagvinnu átti ekki að leiða til breytinga á launum eða launakostnaði.

1. Innleiðing á styttingu vinnuvikunnar/Betri vinnutíma tók gildi í janúar 2021 fyrir starfsfólk í dagvinnu og í maí 2021 fyrir starfsfólk í vaktavinnu hefur heilt yfir gengið mjög vel hjá



Reykjavíkurborg. Með samstilltri vinnu allra sem komu að verkefninu má segja að eitt stærsta samstarfs-, umbóta- og menningarverkefni á opinberum vinnumarkaði sl. 50 ár hafi verið innleitt án stórvægilegra hnökra. Reykjavíkurborg hafði verið með tilraunarverkefni um styttingu vinnuvikunnar frá árinu 2015 á ákveðnum starfsstöðum borgarinnar og bjó því að þeirri reynslu. Áherslan í innleiðingunni á Betri vinnutíma var á umbótasamtöl á hverjum vinnustað þar sem rýnd voru tækifæri til umbóta samhliða styttri vinnuviku til að hægt væri að koma henni fyrir í starfseminni án þess að draga úr þjónustu eða auka við kostnað. Jafnframt var lögð áhersla á samræmingu við innleiðingu til að tryggja samræmi og jafnræði í fjölbreytti starfsemi á mörg hundruð starfsstöðum borgarinnar. Útfærsla verkefnis gekk mjög vel og var innleidd á alla starfsstaði á árinu 2021. Í upphafi innleiðingar verkefnisins 2021 ákvað megin þorri starfsstaða Reykjavíkurborgar, með kosningu starfsfólks, að fara í hámarks styttingu og stytta vinnuvikuna niður í 36 stunda vinnuviku eða 91% starfsstaða Reykjavíkurborgar, 2% starfsstaða fóru í 37 stunda vinnuviku, 5% í 38 stunda vinnuviku og 2% starfsstaða fóru í lágmarksstyttingu eða 38,55 stunda vinnuviku. Í desember 2023 voru allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar í dagvinnu með 36 stunda vinnuviku fyrir utan 3 starfsstaði. Innleiðing á betri vinnutíma á grundvelli kjarasamninga Félags grunnskólakennara, Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félags hljómlistarmanna var með eilítið frábrugðnum hætti þar sem ekki var gert ráð fyrir því í viðkomandi kjarasamningum að hægt væri að fella niður matar- og kaffitíma gegn frekari styttingu og hámarks heimild til styttingar samkvæmt samningunum var því 65 mínútur á viku. Líkt og áður sagði tók betri vinnutími samkvæmt þeim samningum svo gildi haustið 2022.

2. Verkefnið var stórt í dagvinnu en öllu víðfeðmara og flóknara í vaktavinnuumhverfinu þar sem um var að ræða hvort tveggja kerfisbreytingu á launamyndunar- og vinnutímakerfi vaktavinnu og sannanlega eitt stærsta umbóta- og menningarverkefni sem launafólk og launagreiðendur hafa sameinast um að fara í til margra ára. Mjög vel gekk að fylla uppí það mönnunargat sem myndaðist vegna innleiðingar á Betri vinnutíma í vaktavinnu. Starfsfólk í hlutastarfi jók við stafshlutfall og einnig var ráðið inn nýtt starfsfólk til að fylla upp í mönnunargat sem myndaðist við breytinguna. Mjög stór hluti starfsfólks í vaktavinnu var ekki í fullu starfi fyrir breytinguna og nánast allir samþykktu að hækka við sig í stafshlutfalli við þessar breytingar og þannig var fyllt upp í það mönnunargat sem myndaðist.
3. Erfitt hefur verið að fanga nákvæmlega beinan kostnað af vinnutímabreytingunum og spila áhrif heimsfaraldurs þar stórt hlutverk. Þó liggja fyrir greiningar á ætluðum kostnaðaráhrifum breytinganna í vaktavinnu enda var gert ráð fyrir því við gerð kjarasamninganna að þeim breytingum fylgdu ákveðin kostnaðaráhrif. Kostnaðarauki vaktavinnu vegna Betri vinnutíma hjá Reykjavíkurborg er metinn á bilinu 5,7% til 6,7%. Kostnaðurinn var töluvert ólíkur innan borgarinnar vegna starfsemi og vaktafyrirkomulaga. Þetta er viðbótarkostnaður vaktavinnunnar á ársgrundvelli vegna Betri vinnutíma, þ.e. ca. 6,2% plús mínus 0,5%. Það er mat á raunkostnaði verkefnisins, sem byggir aðallega á mælingum Matshóps á vegum aðila á opinberum vinnumarkaði



og svo annarra innri mælinga hjá borginni. Upphaflegt kostnaðarmat fyrir innleiðingu Betri vinnutíma í vaktavinnu var að kostnaður yrði í kringum 6,4%.

Virðingarfyllt,
Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið